

GJALDSKRÁ

vatnsveitu Rangárþings eystra.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,23% af fasteignamati húsa, sem tengst geta vatnsveitu.

2. gr.

Lámarksheimæðargjald (jafnaðargjald) vatnsveitu í þéttbýli (Hvolsvöllur og Skógar) er kr. 238.000 m.v. 32 mm þvermál og allt að 25 metra lengd heimæðar. Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

<i>Þvermál rörs</i>	<i>Lámarksgjald kr.</i>	<i>Verð pr. m umfram 25 m, kr.</i>
32 mm	238.000	3.700
40 mm	262.000	4.000
50 mm	286.000	4.300
63 mm	322.000	4.700
75 mm	370.000	5.000
90 mm	405.000	5.500

3. gr.

Stofngjald í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilfelli fyrir sig og skal það fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna tengingar við stofnkerfi vatnsveitunnar. Að auki skal hvert lögþýli, sumarbústaður, landspildur/beitarhólf eða hvert annað mannvirki sem óskar tengingar við vatnsveitu, greiða tengigjald kr. 150.000 pr. inntak.

4. gr.

Vatnsgjald í landspildum/beitarhólfum, þar sem ekki er flot- eða skriðlokabúnaður skal vera kr. 23.000 fyrir hvern aftöppunarstað. Þar sem brynning er með flot- eða skriðlokubúnaði viðurkenndum af starfsmönnum skal vatnsgjald vera kr. 3.500 á hvern aftöppunarstað.

5. gr.

Sírennsli er með öllu óheimilt. Ítrekuð brot á þessari grein geta varðað lokun vatnsæðar þar til að viðeigandi úrbætur hafi farið fram.

6. gr.

Aukavatnsgjald fyrir stórnottendur er kr. 650.000.

7. gr.

Tímagjald starfsmanna Rangárþings eystra er kr. 6.500.

8. gr.

Gjalddagi er tengidagur og eindagi 30 dögum síðar.

9. gr.

Heimæðargjöld taka breytingum 1. janúar ár hvert, skv. byggingarvísítolu útgáfum af Hagstofu Íslands. Byggingarvísitala í desember 2015 er 128,1 stig.

10. gr.

Tenging við vatnsveitu Rangárþings eystra án leyfis er með öllu óheimil.

Nr. 1320

10. desember 2015

11. gr.

Gjaldskrá fyrir vatnsveitu er byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Um leið fellur úr gildi óbirt gjaldskrá fyrir vatnsveitu í Rangárþingi eystra sem samþykkt var í sveitarstjórn 7. desember 2012.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra, 10. desember 2015.

Ísólfur Gylfi Pálmasón sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. janúar 2016